

Samantekt á óskum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma deiliskipulagstillögu fyrir Miðbæ Hraun vestur.

1. Eigendur parhúss við Álfaskeið 33 og 33a eru mjög ósáttir við að þeirra hús skuli vera hverfisverndað. *Hverfisverndarákvæði í ask. bls. 90: Svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist. Óheimilt að raska ósnertu hrauni.*
2. Eigendur Hverfisgötu 14 og Linnetsstíg 9b hafa verið í sambandi vegna lóðamarka. Hverfisgata 14: Óskað er eftir lóðastækkun þannig að 3 m verði frá norður hús-gafla að lóðamörkum og að þar verði gert ráð fyrir bílastæði. Einnig að lóðin stækki um það svæði sem þegar er innan girðingar. Linnetsstígur 9b: Óskað er eftir lóðastækkun að girðingu við Hverfisgötu 14, 5 m í norðvestur (nú afnotaréttur) og að kofa sem mun tilheyra Austurgötu 17.
3. Athugasemdir frá eigendum Hverfisgötu 15: Ósk um að bílastæði á lóð nr. 13 verði felld niður. Til að gera stæðið þarf að skemma klett. Stæðið skapar ónæði hjá eigendum húss nr. 15 (*stæðið er á samþykktri byggingarnefndarteikningu*). Þau vilja að ekki verði byggt á nýrri lóð nr. 12, sleðabrekka og álfabyggð. Óska eftir að heimilað verði að hækka húsið (þak ónýtt) og leyfðar verði tvær íbúðir í húsinu. Einnig að tvö bílastæði verði á lóð og þak (bílskýli) yfir öðru.
4. Lóðarhafi Hverfisgötu 19b sækir um lóðastækkun á spildu sem eigendur hússins hafa nýtt lengi
5. Eigendur Hverfisgötu 23b gera þessar athugasemdir:
6. Andmæla því að heimilað verði að stækka hús á Hverfisgötu 23 eins og sýnt er á deiliskipulagstillögunni. Frekar mætti stækka til vesturs til að ekki þyrfti að raska klettinum. Andmæla því að Lárugerði verði skert þar sem það er leiksvæði barna. Samþykkja ekki stækkun á lóð nr. 23c við Hverfisgötu með tilvísan í fyrri athugasemdir sem gerðar voru við grenndarkynningu um sama mál.
7. Álfaskeið 16. Eigandi óskar eftir að byggingarreitur bílskúrs verði færður og gert ráð fyrir 2 bílum. Þá er ósk um að byggingarreitur verði stækkaður til samræmis við eldri fyrirspurn um stækkun hússins. Samtals yrðu byggðir um 200 fermetrar í viðbót á lóðina.
8. Athugasemd frá Fríkirkjusöfnuðinum: Ósk um lóðastækkun bæði til suðurs og norður og að gert verði ráð fyrir safnaðarheimili við Linnetsstíg sbr. meðfylgjandi gögn.
9. Mjósund 8 og 10. Ósk um byggingarreit fyrir bílskúra á lóðunum.
10. Hverfisgata 63. Ósk um að lóðin verði stækkuð að Tjarnarbraut.
11. Athugasemdir frá Hverfisgötu 58:
Varðar lóðina Skólabraut 5 – skerpa á og gera skýrari skilmála fyrir nýbyggingu þar sem m.a. kæmi fram byggingarefni og gluggagerð. Opna fyrir möguleika á að setja þar niður flutningshús. Gera nánari grein fyrir aðkomu og girðingum.
Varðar Skólabraut 3 lóð gamla Lækjarskóla. Ósk um endurhönnun lóðarinnar þar sem bílastæðum yrði fækkað og stækka íverusvæði og bæta við gróðri.
Varðar Hverfisgötu 58: Ósk um að heimilt verði að stækka íb. hús um 3-4 fermetra. Heildaraukning byggingarmagns á lóð yrði 30 fermetrar.